

## **Almennar reglur um birtingu gagna með fundargerðum á vef Hafnarfjarðarbæjar**

### Grundvöllur

Upplýsingalög nr. 50/1996 sem eru meginreglan um upplýsingarétt almennings.

Stjórnsýslulög nr. 37/1993 og lög um persónuvernd nr. 77/2000 með síðari breytingum.

### Tilgangur

Reglunum er ætlað að tryggja að birting gagna sé byggð á málefnalegum forsendum í samræmi við ofangreind lög og sé ekki byggð á óskilgreindum, handahófskenndum ákvörðunum.

### Meginreglan

Gögn sem lögð eru formlega fram á fundum skal birta nema annað sé ákveðið sérstaklega.

Gögn sem kynnt eru skal ekki birta nema annað sé ákveðið sérstaklega.

Birta skal frumerindi máls við framlagningu þess falli það undir birtingarákvæði en önnur gögn með hliðsjón af undantekningarákvæðum reglnana við lokaafgreiðslu þess.

### Undantekningar

Vinnuskjöl og innri minnisblöð til eigin nota.

Gögn tengd starfsmannamálum.

Gögn sem teljast trúnaðarmál og varða einka- eða fjárhagsmálefni einstaklinga eða snerta fjárhags- og viðskiptahagsmuni sveitarfélagsins, fyrirtækja og annarra lögaðila.

Önnur gögn sem falla undir undanþáguákvæði upplýsingalaga.

Óski viðkomandi málsaðili eftir að gögn verði ekki birt með fundargerð skal orðið við því.

Samþykkt á fundi bæjarráðs 9. ágúst 2012